

# Vistbyggðarráð - AÐALFUNDUR

---

**Tími:** Fimmtudaginn 9.4.2015 kl. 16.00 – 17.30

**Staður:** Húsnaði lóunnar, fræðsluseturs, Vatnagörðum 20, 104 Reykjavík

---

Dagskrá:

1. **Kosning fundarstjóra og ritara.**
2. **Erindi: Hvernig byggjum við vistvottaðar byggingar?** Þórunn Arnardóttir verkfræðingur og aðstoðarverkefnastjóri hjá frá Íslenskum aðalverktökum segir frá verklegum framkvæmdum við vistvottað fangelsi á Hólmsheiði.
3. **Skýrsla stjórnar**
4. **Reikningsskil 2014**
5. **Starfsáætlun 2015**
6. **(Tillögur og breytingar á lögum félagsins)**
7. **Kosning stjórnar** sbr. 6. gr.
  - a. Tveir aðalfulltrúar til 2 ára, einn aðalfulltrúi til 1 árs.
  - b. Einn varafulltrúi til 2. ára
8. **Kosning skoðunarmanna** sbr. 9.gr
9. **Önnur mál**

## 1. Kosning fundarstjóra og ritara

Halldóra Vífilsdóttir (Framkvæmdasýlaríkisins) var kjörin fundarstjóri og Páll Gunnlaugsson (ASK arkitektar) ritari.

## 2. „Hvernig byggjum við vistvottaðar byggingar?“

Þórunn Arnardóttir verkfræðingur og aðstoðarverkefnastjóri hjá Íslenskum aðalverktökum sagði frá reynslu verktaka við byggingu vistvottaðs fangelsis á Hólmsheiði. Í erindi hennar kom fram að það er að mörgu að hyggja og ýmislegt kom upp vegna þess að þetta er fyrsta verkefnið sem ÍAV byggir samkvæmt vistvottunarkerfinu BREEAM. Hún benti á að huga þurfi að námskeiðahaldi, þar sem ma. þurfi menn að umgangast nýjan hugbúnað og sumu leyti eru vinnubrögðin frábrugðin hefðbundinni byggingastarfsemi.

Nokkrar umræður urðu í lok erindis.

## 3. Skýrsla stjórnar

Helga Jóhanna Bjarnadóttir formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar. Fram kom að starfsemi var lífleg á árinu. Fjölgun aðila um 5 (eru nú 37 talsins), aukið starfshlutfall framkvæmdastýru, úr 50% í 100% (frá ágúst 2014) og viðburðir fjölmargir. Starfsstöð Visbyggðaráðs er nú hjá Verkís að Ofanleiti 2 í Reykjavík. Skýrsla stjórnar er nú aðgengileg á vef [Vistbyggðarráðs](#).

## 4. Reikningsskil

Sigríður Björk Jónsdóttir fór yfir ársreikninga félagsins þar sem gjaldkeri félagsins hvarf til annarra starfa og gekk þar með úr stjórn. Í reikningum kemur glöggt fram að umsvifin hafa aukist á árinu.

Rekstrartekjur voru 9.815.350.- og rekstrargjöld kr. 9.622.636.-. Afkoman er því jákvæð um kr. 225.144.-

Skýrsla stjórnar og ársreikningar voru samþykktir samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

## 5. Starfsáætlun 2015

Sigríður Björk Jónsdóttir fór yfir starfsáætlun ársins 2015. Fram kom að það stendur mikið til eins og venjulega. Haldnir verða m.a. þrjú opnir fundir, einn aðilafundur og aðrir viðburðir sem auglýstir verða síðar. Greint var frá samstarfssamningi við BIM á Íslandi sem gildir í tvö ár og áframhaldandi samstarfi við Náttúran.ehf. Norrænt samstarf verður fyrirferðarmikið vegna þátttöku í tveimur samnorrænum verkefnum sem standa yfir til áramóta, auk þeirra reglulegu samskipta sem eru á milli norrænu vistbygðarráðanna í tegnslum við sameiginlega ráðstefnu ofl. Sigríður fór m.a. yfir viðhorfskönnun sem gerð var í mars 2015. Könnunin var send út til um 80 fulltrúa og 37 svöruðu. Könnunin er kannski ekki „vísindaleg“, en gefur þó ágæta mynd af hugmyndum félaga um starfið og hverjar áherslur í starfinu ættu að vera og mun án efa vera gott innlegg inn í enduskoðun stefnu VBR sem fer fram í haust. Þetta var líka góð reynsla fyrir stjórn til að læra á hvernig svona er gert. Hugsanlega mun svona könnun vera gerð árlega.

[Starfsáætlun](#) má nálgast á vef Vistbyggðaráðs.

## 6. Tillögur að breyttum lögum félagsins

Engar tillögur að lagabreytingum lágu frammi.

## 7. Kosning stjórnar og skoðunarmanna

Þrjú stjórnarmenn gáfu ekki kost á áframhaldandi setu í stjórn. Ásdís Hlökk Theodórsdóttir (Skipulagsstofnun), Páll Gunnlaugsson (ASK arkitektar) og Guðmundur Tryggvi Sigurðsson (Reitir). Í stjórn sitja áfram Elín Vignisdóttir (Verkís)2.starfsár, Haukur Magnússon (ÍAV)2. starfsár og Björn Guðbrandsson (Arkís)2. starfsár.

Eftirtaldir gáfu kost á sér til stjórnarsetu: Andri Þór Arinbjörnsson (Reitir), Bergljót S. Einarsdóttir (Framkvæmdasýsla ríkisins) og Gísli Örn Bjarnhéðinsson (Búseti)og Helga Jóhanna Bjarnadóttir (Efla). Þar sem ekki höfðu borist fleiri tilnefningar en þau sæti sem laus voru þá var lögð fram tillaga að nýrri stjórn og var hún samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

Stjórn skipa nú:

- Andri Þór Arinbjörnsson (Reitir)
- Bergljót S. Einarsdóttir (Framkvæmdasýsla ríkisins)
- Björn Guðbrandsson (Arkís), Elín Vignisdóttir (Verkís)
- Haukur Magnússon (Íslenskir aðalverktakar)
- Helga Jóhanna Bjarnadóttir (EFLA)
- Gísli Örn Bjarnhéðinsson(Búseti).

Skoðunarmenn reikninga voru endurkjörnir, þau Aldís M. Norðfjörð (Mannvirkjastofnun) og Rúnar Gunnarsson (Reykjavíkurborg).

Ásdís Hlökk, Guðmundi Tryggva og Páli voru þökkuð góð störf í þágu félagsins.

## 8. Önnur mál

Tillaga kom um að aðildargjöld yrðu hækkuð um 10%. Tillögunni var vísað til stjórnar, en ákvörðun aðildargjalda er tekin á aðalfundi og ákvað stjórn fyrir þennan fund að gera ekki tillögu um hækkan

að sinni. Rætt um að leggja meiri áherslu á að fjölga aðildarfélögumskoða hvort að tillaga um hækkun aðildagjalda verði lögð fyrir næsta aðalfund.

Fundi slitið kl. 17:30

Í lok fundar sagði Ólafur Ástgeirsson framkvæmdastjóri bygginga- og mannvirkjasviðs lðunnar stuttlega frá starfseminni. Iðan er flutt í ný húsakynni við Vatnagarða og fór Ólafur með fundarmenn í stutta skoðunarferð um húsnæðið. Var gerður góður rómur að aðstöðunni.